

menningarmál

á vettvangi dagsins

„Borealis — norræn myndlist 1983“

■ Fyrsta farsýning myndlistar á vegum Norrænu listmiðstöðvarinnar í Sveaborg stendur nú yfir. Hlaut hún nafnið „Borealis — norræn list 1983“, og voru valdir til hennar þrír listamenn frá hverju norðurlandanna, nema einn færeyingur. Af Íslands hálfu eru þátttakendurnir þau Ásgerður Búadóttir, Gunnar Örn Gunnarsson og Magnús Tómasson, en Svíinn Tage Martin Hörling valdi verkin á vegum Sveaborgar.

Sýningin hljóp af stokkunum í Helsingfors Konsthall þann 27. maí síðstliðinn og stóð fram í júlí, en var þaðan flutt á Charlottenborg í Kaupmannahöfn, en nú síðast var hún í Listasafni Suður-Jótlands, þar sem henni lauk nú 15. janúar. Næsti áfangi hennar verður Kunstnernes Hus í Ósló, en hingað á Kjarvalsstaði er hún væntanleg næsta sumar.

Allmikið hefur verið um sýninguna skrifað, og hafa nú borist umsagnir um Borealis í hinu nýja og glæsilega listasafni í Tönder. Ulf Gudmundsen skrifar í blaðið *Vestkysten* og segir: „Ísland kemur á óvart. Vefnaðir Ásgerðar Búadóttur, með upphleypum hrosshársflötum, eru heillandi, og Magnús Tómasson ítrekar af snilld hið gamalgroða hugmyndafrelsi Söguveijunnar. Kassar hans með uppstoppuðum fuglum eru einkar áhrifaríkir: Hér gengur eggdi á fótum, spörinn er sýndur sem stríðspota, leðurblakan hefur sig til flugs, og gott ef steinninn fær ekki líka vængi! Hér mætir auganu fugl í rafmagnsstól, gagnástur söngvari, og margt annað ótrúlegt er á seyði. Hinn þriðji Íslendinganna er Gunnar Örn Gunnarsson, sem er sjálfur talsverður örn í áhrifamiklu málverki sínu og kröftugu litum. Bravó Ísland!“

Í *Jydske Tidende* segir Morten Böcker: „Skóðandinn hefur mikið upp úr Borealis. Sýningin er stórkostlega eggjandi, hneykslandi, „geggjuð“, full af andstæðum — og í heild sinni tjáning þeirrar veraldar sem við lifum í. Og hér er það vel að merkja, að Norðrið er ekki neitt einangrað fyrirbæri á jarðarkringlu þessa áratugar.“

Listamennirnir anda frjálsglega, guði sé lof, því skelfing væri það leiðinlegt ef sýningin hefði verið skorin niður við einhverntíð „skandinavískan samnefnara“. Það er fullt af slæmum dæmum slíkrar meðalmennsku annarstaðar á hnettinum.

Borealis sýnir margan vott þess, að það sé raunverulega mikið um að vera í



listinni nú um stundir. Og ef til vill með meiri hraða en jafnvel sá, sem opin er fyrir flestum nýjungum, getur með góðu móti fylgt. Borealis er ein af mest spennandi sýningum sem Listasafni Suður-Jótlands hefur enn boðið upp á.“

Í blaði þýskumælandi jóta: *Der Nord-schleswiger*, kallar Uwe Lempelius um sögn sína „Mögnuð listaverk tjá kalda storma okkar tíma“. Síðan segir hann: „Hér er ekki sýnd nein glæðleg stofulist. Hér er ekki leitast við að skapa yndi eða samræmi, heldur er sýningin í teikni aflmikillar listar, þar sem fjallað er um ýmskonar mannlegar hneigðir á myndrænan hátt. Hvergi bregður þar fyrir köldum formalisma af ætt l'art pour l'art-vidhorfa.“

Fuglar Íslendinga Magnúsar Tómassonar verka í senn sem ákæra og hrollvekja. Hann setur hluti sína á svið. Rós liggur undir fallólxi, spörfugl er reyður niður í rafmagnsstól. Áhorfandi hlýtur að spyrja sig: Hver var dómarinn? Þessar sviðsetningar Magnúsar Tómassonar eru listrænt-fagurfræðilegar, en þær knýja skoðandann til þess að tengja þær hliðstæðum úr mann-

lífinu sjálfu.

Mjög fáir hlutir á sýningunni eru hugsaðar sem hrein hugleiðingarverk (Meditationsobjekte). Helst væri þar að nefna vefnaðina. Ásgerður Búadóttir sýnir stærð og formrænan styrk í veggklæðum sínum, og með því að vefa í þau stríð hrosshársform tekst henni að skapa úr þeim sjálfstæðan hlutveruleika.

Þótt málalistin hafi hvað eftir annað verið dæmd dauð, og einkum snemma á sjöunda áratugnum, þegar objektíð — hlutgervingurinn — var í hæstum metum, koma samt stöðugt fram ungir listamenn sem notfæra sér þann gamla miðil, olíulitina, penslana og lérefitið. Þannig skapar Íslendingurinn Gunnar Örn Gunnarsson mannamyndir og andlit úr óblönduðum litflekjum, sem eru þó í eðli sínu annað og meira: ímynd þeirra átakamiklu og sprengikenndu afla sem stjórna mannlegri tilvist. Í því minnir hann mjög á Francois Bacon. Uwe Lempelius lýkur grein sinni með þeirri ósk, sem margir sýningargestir muni taka undir, að Borealis mætti einnig finna sér gístistað sunnan landamæra.

Magnús Pálsson:

Er hægt að taka hvern sem er fastan?

■ Vegna skrifa um lögregluna í dagblöðunum að undanförunu, langar mig til að senda þér, frú lögfræðingur Lögreglufélags Reykjavíkur, eftirfarandi línur:

Það var haustið 1968 í ágúst eða september, að ég fór í Glaumbæinn okkar gamla, og skemmti mér þar, eins og gengur og gerist með 18 ára unglinga. Ballíð endaði vel og ég hélt heim á leið ásamt öllum öðrum, sem voru á heimleið að dansleiknum loknum.


Er ég var í Lækjargötu, á móts við þar sem nú heitir víst „Skallinn“, hitti ég tvo eða þrjá Englendinga, sem voru á gangi saman, ásamt einni íslenskri stúlku. Þeir voru þá að kyta við einn eða tvo Íslendinga vegna stúlkunnar, sem vildi heldur labba með Englendingunum en fara með Íslendingunum tveimur. Ég fór að segja við Englendingana, að með þessu áframhaldi, ef þeir ætluðu að fara að slást um stúlkuna kæmi áreiðanlega lögreglan til skjalanna. Allir voru við skál, en enginn ofurólvi.

Ég hafði varla sleppt orðinu við Englendingana þegar sirenuvæl heyrðist og lögreglubíll kom þjótandi með blikkandi ljós á fullu. Ut þustu fjórir eða fimm lögreglumenn og skipuðu Englendingunum upp í bílinn og stúlkunni með, — og mér einnig, en ég hélt nú ekki að ég færi upp í bílinn. Ég hefði ekkert til saka unnið.

Nú, það skipti engum togum, að einn tók utan um hálsinn á mér aftan frá, annar um vinstri handlegg, sá þriðji um hinn handlegginn og fjórði reyndi við fætuna, en gekk ekki sem best. Urðu harðar stimpingar, sem enduðu með því, að þeir höfðu mig undir og hentu mér inn í bílinn. Þar var ég handjarnaður — og ekki nóg með það, þeir settust tveir ofan á mig á leiðinni í Steininn, sem var nú frekar stutt leið sem betur fór.

Þegar á stöðina kom var gefin munnleg skýrsla vegna handtöku okkar, og Englendingunum var síðan sleppt og stúlkunni líka. Þau vildu fyrir alla muni, að ég fengi þá að fara líka, þar sem ég hefði hvergi við söguna komið, né skipt mér af stimpingunum, en ég neitaði alveg að tala. Ég man að ég var ofsalega sár og reiður, og neitaði að skýra frá nafni og heimilisfangi.

Þá hentu þeir mér inn í lítinn klefa, og ég lá þar á gólfinu í stund, 1/2 tíma kannski aðeins lengur. Þá var opnað og tveir komu inn. Ég hafði heyrt þá fyrir



framan, áður en þeir opnuðu. Þeir sögðust skyldu láta þennan kauða tala! Nú komu þeir inn og annar hélt mér uppi, en hinn sló mig í andlit og magann, hvað eftir annað, — en ég var enn í handjárnnum.

Ég man enn, að annar sagði við hinn: „Sláðu þannig, að það sjái ekki á honum“.

Ég missti rænu þarna hjá þeim og varð alveg meðvitundarlaus, en rankaði við mér aftur á leiðinni út í bíl og á leið upp í Síðumúlafangelsið, þar var ég um nóttina.

Um morguninn var tekin skýrsla, sem var þó ansi fátækleg, því maðurinn, sem tók skýrsluna, sagði við mig, að ég skyldi bara hypja mig hið snarasta burt, því þetta væri allt saman eintóm vitleysa. Hann sagði að þetta hefði verið mér að kenna hvernig fór, þar sem ég hefði sýnt mótpóla. — En ég bar spyr: — Er hægt að taka hvern sem er fastan, án þess að hann hafi til saka unnið? Svo ég tali nú ekki um, að berjja menn og það í handjárnnum?

Þetta er í fyrsta — og eina sinnið — sem ég hef lent í fangelsi, en ófögur var framkoma lögreglunnar við mig, og hef ég andstyggð á henni síðan, og verð sennilega alltaf á móti henni meðan ég lifi. — Finnst þér það nokkuð skrítið, frú Svala Thorlacius hdl.?

Magnús Pálsson

DREYER LIFIR ENNÞÁ

■ Þrátt fyrir mikinn samdrátt í útgáfu bóka að undanförunu, lifir forlagið Dreyer enn góðu lífi og gefur út merkar bækur. Þó hefur verið stofnað dótturfyrirtæki er nefnist *Aventura*, sem hefur tekið yfir mikinn hluta bókaútgáfunnar og mun ég koma að því seinna.

Bækur Öistein Parmann má segja að beri hæst á útgáfalista liðins árs. Þar er fyrst um að ræða „Norge sett med kunstnerøyne“. Er þetta einstaklega falleg bók með eftirprentunum fjölda listaverka, þeirra bestu er í landinu finnst, og hið ritada mál er sótt til bestu ljóðskálda og rithöfunda í sögu landsins. Val Parmanns er svo gott að aðdáun vekur, hversu smekklega er valið og fallega uppsett. Margar bækur hefir Parmann gert fallegar um sína daga, en þessi er sú besta er ég hefi séð til þessa. Er öll útgáfa bókarinnar til fyrirmyndar.

Önnur bók Parmanns á árinu var „Norsk billedvev“. Er þetta samútgáfa Dreyer ásamt Kunstindustrimuseet í Ósló. Þarf vart að lýsa því að bókinn er einstaklega fallega gerð og gerir myndvefnaði góð skil gegnum söguna. Er þetta og einstaklega fallega gerð og unnin bók eins og aðrar bækur Parmanns.

„Troll og deres slektninger“ er einstaklega skemmtilega unnin tröllabók

fyrir yngri lesendurna — eftir Jan Bergh Eriksen og myndirnar eftir Per Aase. Er bókinn gefin út bæði á norsku og ensku og rekur ættarsögu trölla og annarra af þeirri fjölskyldu. Byggir bókinn á þjóðsögum og þjóðtrú og er skemmtileg.

„Jernalderen“ eftir Jan Deberitz, skedur í Valdres, 367 eftir Krist. Það er tími blóta, mánans og sagnanna. Skuggatímar í norskrí sögu og þó sumt sé aðeins óljóst vitað er hún segir frá þá er það fært í skemmtilegan stíl og gott aflestrar.

„A vokse i alder og visdom“ eftir Tolla B. Sirnes, er baráttubók fyrir málefnum aldraðra, sem lýsir fyrir okkur hvað fylgir því að verða gamall. Professor Sirnes slær í gegn í þessari bók og fékk raunar einróma góða dóma fyrir hana. Bara að við ættum slíka bók á íslensku.

Tvær bækur Tore Stubberud vil ég nefna hér. „Vedfyringens gleder“ er bók hans þar sem hann endurséir 27 sögur fólks hér í landi á 6. áratugnum. Lífssaga fólks sögð á einfaldan heillandi hátt. Þá vil ég einnig nefna þýðingar hans á ljóðum Baudelaire, Prosadikt, sem út kom 1981, en er þýðing sigildra ljóða um taugaveiklun borgarinnar, draum, meðkennd og hræðilegan veruleika.

Inger Brochmann hefir skrifað bók um hugmyndafræði Rudolf Steiner, um

lífið eftir dauðann eins og Raymond A. Moody lýsir því, sem lífinu eftir lífið. „Det ukuelige liv“ heitir bókinn.

Eftir Irene Kassorla er bókinn „Pene piker gjør det.“ sem lýsir því hvernig konur geta átt betra kynlíf og er skorað á karlmann að lesa hana.

„Handen forteller“ eftir Peter West er ekki aðeins um hvernig eigi að spá í hendi en einnig um hvað höndin sem heild getur sagt okkur um eiganda hennar. Þar eru vísingar að skoða og meta hendur, nefnd kirologi.

„Bedre grønnsaker, bær og frukt — utan gift“ er bók eftir Georg Parmann. Kennir hann þar almenningi hvernig best er að reikta þessa hluti og njóta til fullnustu. Parmann er blaðamaður við Aftenposten með umhverfisvernd sem sérgrein.

Eftir Paul Uccusie er bókinn „Doktor Bi“. Bók þessi sem fjallar um hinn mikla lækningamátt efna þeirra er býflugurnar safna, hefir vakið mikla athygli hér í landi og verið umrædd í tímaritum. Er þetta holl lesning, ekki aðeins náttúruleg lækningafólki, heldur og öllum sem er annt um heilsu sína.

Í Hollandi hefir Vil Huygen skrifað bækur um litla fólkið, búálfa, húsálfa eða nissa eins og þeir nefnast hér. Rien Povrtliet hefir myndskreytt þessar bækur

með miklum fjölda skemmtilegra mynda. Tvær þessara bóka hafa komið út á Dreyer forlagi og eru engar smábækur, eða um 200 síður hvor í stóru broti. Þar er okkur sagt frá upphafi, stærð, aldri og högum álfa, hvar þeir búa og hvernig, ótrúlega líkir mönnum, en bara mun opnari og eðlilegri, auðtrúa og góðir hver við annan og þá sem eru góðir við þá. En þeir verða bara nokkur hundruð ára, svo eins gott er að fjölgunin verði ekki mikil.

Þessar bækur nefnast „Den store nisseboken“ og „Nissens hemmelighet.“ Einstaklega skemmtilegar, en jafnframt lær-dómsríkar bækur fyrir yngstu lesendurna.

Ósló 19. jan 1984
Sigurður H. Þorsteinsson

Norges Boklag

■ Það eru kannske ekki margar bækur, sem koma út á vegum Norges Boklag, en gæðin eru þá kannski enn meiri.

„Bekken syng“, eða lækurinn syngur eftir Jan-Magnus Bruheim, myndskreytt af Reidar Johan Berle. Tilfinningar læksins í huga barnsins eru þarna túlkaðar á einfaldan einlægan hátt svo að full-orðnir hafa gott af að lesa. Er kvæðin öll á þann veg að þar mega bæði börn og gamlalmenni draga lærdóm af. Er þetta í raun algilt fyrir mjög vandað barnaefni.

Þá eru verk Olav H. Hauge í tveim bindum. Annarsvegar ljóðasafni ljóða þeirra er hann orti og hinsvegar eitt bindi ljóðabýðinga hans. Ljód Hauge eru einstaklega þekkt og ánægjulegt að lesa þau. Þau eru að mestu tilfundað og falla því vel á tungu Íslendinga, eins og. Tár þú þarft ekki að falla.

Litíð fyrir þig,
en mikið fyrir mig.
Bros þitt í þörf
og handtak var allt.

Tár
þú þarft ekki að falla.
Ég veit þú ert salt.

Mér dettur í hug Guðmundur skólaskáld er ég les ljód Hauge.

Ósló 19. jan 1984
Sigurður H. Þorsteinsson

Sigurður H. Þorsteinsson skrifar frá Noregi:

